

**Hæstiréttur**  
**06 201**

**Ársreikningur 2019**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumanns .....	<b>2</b>
Yfirlit um afkomu ársins .....	<b>3</b>
Efnahagsreikningur .....	<b>4</b>
Sjóðstreymisyfirlit .....	<b>5</b>
Skýringar .....	<b>6</b>

**Hæstiréttur**

**kt. 650169-4419**

**Lindargötu 2, 101 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Hæstiréttur er ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um dómstóla. Hæstiréttur Íslands er æðsti dómstóll ríkisins og í honum eiga sæti sjö dómarar sem forseti Íslands skipar ótímabundið samkvæmt tillögu ráðherra.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 02 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2019 var ársveltan kr. 243,3 milljónir og afkoma kr. 20,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 24,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 38,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2019 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Hæstaréttar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Hæstaréttar fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Þorgeir Örlygsson,  
forseti Hæstaréttar

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	241.400.000	181.900.000
Vörusala .....		5.500	30.700
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	1.854.666	1.605.801
<b>Tekjur samtals</b>		<u>243.260.166</u>	<u>183.536.501</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	3	103.095.219	126.121.230
Annar rekstrarkostnaður .....	4	117.919.941	72.208.450
Afskriftir .....	5	1.854.666	1.605.801
<b>Gjöld samtals</b>		<u>222.869.826</u>	<u>199.935.481</u>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		20.390.340	(16.398.980)
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(8.222)	(4.883)
		<u>(8.222)</u>	<u>(4.883)</u>
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>20.382.118</u></u>	<u><u>(16.403.863)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2019

	Skýr	31.12.2019	31.12.2018
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	6		
Áhöld, tæki og búnaður .....		7.161.095	3.459.358
Farartæki og vélar .....		42.057	51.910
Aðrar eignir .....		12.725	27.128
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<u>7.215.877</u>	<u>3.538.396</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	16.021.980	13.524.036
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....		13.231.200	0
Handbært fé .....	8	1.506.870	2.082.874
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>30.760.050</u>	<u>15.606.910</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>37.975.927</u>	<u>19.145.306</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	9		
Hrein eign .....		23.985.652	3.603.534
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>23.985.652</u>	<u>3.603.534</u>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	7	909.300	1.509.036
Viðskiptaskuldir .....		2.242.766	2.277.018
Ýmsar skammtímaskuldir .....	10	6.262.079	7.124.922
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	11	4.576.130	4.630.796
<b>Skuldir samtals</b>		<u>13.990.275</u>	<u>15.541.772</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>37.975.927</u>	<u>19.145.306</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisýfirlit ársins 2019

	Skýr	2019	2018
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		20.382.118	(16.403.863)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	5	1.854.666	1.605.801
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(1.854.666)	(1.605.801)
		<u>20.382.118</u>	<u>(16.403.863)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		(13.231.200)	1.028.558
Tengdir aðilar .....		(3.097.680)	14.435.814
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		(897.095)	374.690
		<u>(17.225.975)</u>	<u>15.839.062</u>
		<u>3.156.143</u>	<u>(564.801)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	6	(5.532.147)	(607.600)
		<u>(5.532.147)</u>	<u>(607.600)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Fjárfestingarframlag .....		1.800.000	1.700.000
		<u>1.800.000</u>	<u>1.700.000</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		(576.004)	527.599
Handbært fé í byrjun árs .....		2.082.874	1.555.275
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u>1.506.870</u>	<u>2.082.874</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur vegna skuldabréfaeignar eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu og vaxtatekjur krafna eru tekjufærðar eins og þær falla til nema vafi leiki á um innheimtu þeirra. Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	10 ár
Aðrar eignir .....	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

## Skýringar

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

### Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



## Skýringar

	2019	2018
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	241.400.000	181.900.000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	1.854.666	1.605.801
	<u>243.254.666</u>	<u>183.505.801</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	241.400.000	0	0	241.400.000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>241.400.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>241.400.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi að frádregnum sértekjum ...	(221.017.882)	0	0	(221.017.882)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>20.382.118</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>20.382.118</b>

	2019	2018
<b>3 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður</b>		
Laun .....	84.206.610	100.686.687
Orlof, breyting .....	(1.092.947)	1.917.169
Launatengd gjöld .....	19.025.082	22.887.020
Starfsmannakostnaður .....	956.474	630.354
	<u>103.095.219</u>	<u>126.121.230</u>
Meðalfjöldi stöðugilda .....	7,8	10,2

## Skýringar

	2019	2018
<b>4 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	2.855.819	3.171.203
Ýmis tæki og áhöld .....	366.617	36.061
Varahlutir og viðhaldsvörur .....	9.000	13.640
Orkugjafir .....	2.603.873	2.699.982
Matvæli .....	1.005.129	1.505.202
Almennar rekstrarvörur .....	143.738	181.997
Vörukaup, almenn	6.984.176	7.608.085
Ýmsar sérgreindar vörur .....	0	1.255
Vörukaup, sérgreind	0	1.255
Fundir, námskeið, risna .....	382.610	740.766
Ferðir, uppihald .....	1.637.569	3.384.557
Akstur .....	146.011	650.321
Sérfræðiþjónusta .....	19.772.863	18.552.558
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	34.135	31.511
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	10.990	578.904
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	732.381	918.664
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	22.716.559	24.857.281
Afnotagjöld .....	5.257.761	5.025.909
Leigugjöld .....	74.705.976	27.691.206
Verkkaup .....	8.255.469	6.995.129
Kostnaðarhlutdeild .....	0	29.585
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	88.219.206	39.741.829
Annar rekstrarkostnaður samtals	117.919.941	72.208.450
<b>5 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	1.830.410	1.581.545
Farartæki og vélar .....	9.853	9.853
Aðrar eignir .....	14.403	14.403
	1.854.666	1.605.801

## Skýringar

### 6 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2019	31.12.2018
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	7.161.095	3.459.358
Farartæki og vélar .....	42.057	51.910
Aðrar eignir .....	12.725	27.128
	<u>7.215.877</u>	<u>3.538.396</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2019:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2019 .....	11.998.799	98.542	144.038	12.241.379
Viðbætur á árinu .....	5.532.147	0	0	5.532.147
	<u>17.530.946</u>	<u>98.542</u>	<u>144.038</u>	<u>17.773.526</u>
Afskriftir 1.1.2019 .....	8.539.441	46.632	116.910	8.702.983
Afskrift ársins .....	1.830.410	9.853	14.403	1.854.666
	<u>10.369.851</u>	<u>56.485</u>	<u>131.313</u>	<u>10.557.649</u>
Staða 31.12.2019 .....	<u>7.161.095</u>	<u>42.057</u>	<u>12.725</u>	<u>7.215.877</u>

**31.12.2019      31.12.2018**

### 7 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	16.021.980	7.543.648
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	0	5.980.388
	<u>16.021.980</u>	<u>13.524.036</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	909.300	1.509.036
	<u>909.300</u>	<u>1.509.036</u>

### 8 Handbært fé

Sjóðir .....	11.745	10.000
Tékkareikningar .....	1.135.192	1.618.224
Sparisjóðsreikningar .....	359.933	454.650
	<u>1.506.870</u>	<u>2.082.874</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 1 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

### 9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2019	31.12.2018
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	3.603.534	20.007.397
Afkoma ársins .....	20.382.118	(16.403.863)
Jöfnuður 31.12. ....	<u>23.985.652</u>	<u>3.603.534</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytis. Ákvörðun ráðuneytisins er byggð á reglum sem ráðuneytið setur út frá 30.gr. laga um opinber fjármál og samráði við viðkomandi fagráðuneyti og verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi 2019 og B-deild Stjórnartíðinda.

### 10 Ýmsar skammtímaskuldir

	31.12.2019	31.12.2018
Ógreitt orlof .....	6.031.975	7.124.922
Ógreidd laun .....	230.104	0
	<u>6.262.079</u>	<u>7.124.922</u>

### 11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2019	31.12.2018
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	7.215.877	3.538.396
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga) .....	(2.639.747)	1.092.400
	<u>4.576.130</u>	<u>4.630.796</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2019 .....	3.538.396	1.092.400	4.630.796
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	1.800.000	1.800.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	5.532.147	(5.532.147)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(1.854.666)	0	(1.854.666)
	<u>7.215.877</u>	<u>(2.639.747)</u>	<u>4.576.130</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2019 munu kr. 2 milljónir koma til tekna á árinu 2020.

## Skýringar

### 12 Aðrar upplýsingar

#### *Skuldbindandi samningar*

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði, rekstrar- og þjónustusamninga og einnig aðra smninga. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 76,7 milljónum, vegna rekstrar- og þjónustusamninga kr. 5,0 milljónum og vegna annara samninga 22 milljónum.

#### *Veðsetningar*

Engar veðsetningar eru áhvilandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2019.

#### *Veittar ábyrgðir*

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### *Óefnislegar eignir*

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

#### *Óafturkallanleg loforð*

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

#### *Atburðir eftir reikningsskiladag*

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.